

21. nóvember 2016

SKÝRSLA

Greining á stuðningsþónustu
með aðferðarfræði KFS



Reykjavíkurborg
velferðarsvið

Greining á stuðningsþjónustu með aðferðarfræði KFS

Inngangur

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar skipaði hóp með erindisbréfi í þeim tilgangi að greina stuðningsþjónustu sem veitt er af velferðarsviði Reykjavíkurborgar með aðferðarfræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS). Til grundvallar greiningunni lágu biðlistar sem sérstaklega voru skoðaðir m.t.t. aldurs og kyns. Markmið verkefnisins var að greina hvort núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda leiði til jafnréttis.

Ábyrgðarmenn verkefnisins voru Stefán Eiríksson sviðsstjóri og Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri þjónustu heim.

Starfshópurinn skipuðu Sigurbjörg Fjölinsdóttir, skrifstofu velferðarsviðs, sem var hópstjóri, Lára S. Baldursdóttir, þjónustumiðstöð Breiðholts og Ricardo Mario Villalobos, þjónustumiðstöð Breiðholts.

Til ráðgjafar voru Guðmundur Sigmarsson, deild gæða og rannsókna, Jón Viðar Pálmason, skrifstofu fjármála- og reksturs og fulltrúi velferðarsviðs í stýrihópi KFS og Lára Rúnarsdóttir verkefnisstjóri KFS hjá Fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar.

Hlutverk hópsins og verkefni var eftirfarandi:

- Að greina útgjöld velferðarsviðs til stuðningsþjónustu út frá kyni og aldri notenda árið 2015 með aðferðarfræði KFS.
- Að greina þróun biðlista eftir kyni og aldri og annað niðurbrot t.d. út frá hverfi eftir því sem við átti.
- Að bera saman veitingu stuðningsþjónustu eftir kyni og kanna möguleg áhrif mismunandi tíðni fötlunar eftir kyni þegar mat var lagt á réttmæti dreifingar útgjalda.
- Að útlista ferli við veitingu stuðningsþjónustu og leggja til breytingar ef núverandi framkvæmd þjónustu eða dreifing fjárheimilda leiðir ekki til jafnréttis.

Hópurinn byggði vinnu sína á tölfræði sem fengin var úr Málaskrá velferðarsviðs. Biðlistatölur voru frá dagsetningunni 1. janúar 2016 og virk þjónusta var fyrir allt árið 2015. Virk þjónusta er í raun greining á útgjöldum, reiknuð yfir á veitta tíma.

Skýrslan er byggð upp á þann hátt að í fyrri hluta skýrslunnar (kaflar 2 - 5) eru greiningar sem snúa að þeirri stuðningsþjónustu sem veitt er fötluðu fólki. Seinni hluti skýrslunnar (kaflar 6 - 9) snýr að stuðningsþjónustu sem veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og barnaverndarlögum.

Starfstími hópsins var 1. apríl til 1. september 2016, en vegna ófyrirséðra vandamála á starfstíma hópsins töfðust skil til nóvember 2016.

Efnisyfirlit

Greining á stuðningsþjónustu með aðferðarfræði KFS	2
1. Grunntöflur.....	4
2. Stuðningsþjónusta fyrir fatlað fólk. Biðlisti stuðningsþjónustu – kyn og aldur.....	5
3. Stuðningsþjónusta fyrir fatlað fólk. Biðlisti stuðningsþjónustu – hverfaskipting.....	6
4. Stuðningsþjónusta fyrir fatlað fólk. Veitt stuðningsþjónusta – kyn og aldur	7
5. Stuðningsþjónusta fyrir fatlað fólk. Veitt stuðningsþjónusta – hverfaskipting.....	10
6. Biðlisti stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu – kyn og aldur.....	11
7. Biðlisti stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu - hverfaskipting.....	12
8. Veitt stuðningsþjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu – kyn og aldur	13
9. Veitt stuðningsþjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu, hverfaskipting.....	14
10. Samantekt.....	14
11. Lokaorð.....	15

1. Grunntöflur

Við KFS greiningu á stuðningsþjónustu hjá Reykjavík er mikilvægt að hafa í huga ákveðnar grunnforsendur sem varða fjölda og hlutfall fatlaðs fólks í hverfum borgarinnar.

Í Töflu 1 kemur fram að fatlað fólk á skrá í Reykjavík er samtals 2.447. Fleiri karlar en konur eru skráðir fatlaðir í öllum hverfum borgarinnar, hlutfall þeirra er frá 60% upp í 65% og að meðaltali 63%. Einnig má sjá að Laugardalur Háaleiti hefur fleiri fatlaða en önnur hverfi og nærri því helmingi fleiri en næsta hverfi sem kemur á eftir því hverfi.

Tafla 1. Fjöldi fatlaðs fólks skipt eftir kyni og þjónustumiðstöð.

Þjónustumiðstöð					Hlutfall hverfa af	
	Karlar		Konur		Samtals	heild
Vesturbær	115	63%	69	38%	184	8%
Miðborg og Hlíðar	225	64%	124	36%	349	14%
Laugardalur og Háaleiti	476	61%	298	39%	774	32%
Breiðholt	285	65%	155	35%	440	18%
Árbær og Grafarholt	193	63%	115	37%	308	13%
Grafarvogur og Kjalarnes	236	60%	156	40%	392	16%
Samtals	1.530	63%	917	37%	2.447	100%

Aldursdreifing fatlaðs fólks er ólík milli hverfa sem sjá má í Töflu 2, en því til glöggvunar má sjá í Töflu 3 að aldursdreifing allra íbúa í hverfum borgarinnar er mismunandi. Úr Töflu 2 má lesa að hverfin Breiðholt og Árbær eru hlutfallslega með hæstu hlutföllin af fötluðum börnum. Miðborg Hlíðar og Laugardalur Háaleiti eru með hæsta hlutfall fatlaðra 26 ára og eldri.

Tafla 2. Fjöldi fatlaðs fólks skipt eftir þjónustumiðstöð og aldri.

Þjónustumiðstöð	0-5 ára		6-17 ára		18-25 ára		26 ára og eldri		Samtals
Vesturbær	9	5%	50	27%	32	17%	93	51%	184
Miðborg og Hlíðar	7	2%	57	16%	45	13%	240	69%	349
Laugardalur og Háaleiti	16	2%	137	18%	77	10%	544	70%	774
Breiðholt	16	4%	154	35%	85	19%	185	42%	440
Árbær og Grafarholt	13	4%	112	36%	42	14%	141	46%	308
Grafarvogur og Kjalarnes	5	1%	126	32%	82	21%	179	46%	392
Samtals	66	3%	636	26%	363	15%	1.382	56%	2.447

Heildar íbúafjöldi í Reykjavík er 121.538 (sjá Töflu 3 bls. 5) og er hlutfall fatlaðra á skrá hjá Reykjavíkurborg 2% af heildarfjölda íbúa.

Tafla 3. Fjöldi íbúa skipt eftir kyni, þjónustumiðstöð og aldri 2015

(af vef Hagstofunnar)

	Þjónustumiðstöð	0-5 ára	6-17 ára	18-25 ára	26 ára og eldri	Samtals
Karlar	1. Vesturbær	712	1.065	1.175	5.194	8.146
	2. Miðborg og Hlíðar	690	984	1.179	7.040	9.893
	3. Laugardalur og Háaleiti	1.186	2.000	1.551	9.025	13.762
	4. Breiðholt	819	1.554	1.357	6.776	10.506
	5. Árbær og Grafarholt	880	1.516	921	5.239	8.556
	6. Grafarvogur og Kjalarnes	755	1.605	1.277	5.689	9.326
	Samtals	5.042	8.724	7.460	38.963	60.189
Konur	1. Vesturbær	787	1.137	1.235	5.607	8.766
	2. Miðborg og Hlíðar	717	885	1.265	6.795	9.662
	3. Laugardalur og Háaleiti	1.162	1.932	1.512	9.894	14.500
	4. Breiðholt	868	1.525	1.206	6.929	10.528
	5. Árbær og Grafarholt	799	1.534	997	5.223	8.553
	6. Grafarvogur og Kjalarnes	723	1.484	1.158	5.975	9.340
	Samtals	5.056	8.497	7.373	40.423	61.349
Samtals	1. Vesturbær	1.499	2.202	2.410	10.801	16.912
	2. Miðborg og Hlíðar	1.407	1.869	2.444	13.835	19.555
	3. Laugardalur og Háaleiti	2.348	3.932	3.063	18.919	28.262
	4. Breiðholt	1.687	3.079	2.563	13.705	21.034
	5. Árbær og Grafarholt	1.679	3.050	1.918	10.462	17.109
	6. Grafarvogur og Kjalarnes	1.478	3.089	2.435	11.664	18.666
	Samtals	10.098	17.221	14.833	79.386	121.538

2. Stuðningsþjónusta fyrir fatlað fólk. Biðlisti stuðningsþjónustu – kyn og aldur

Í Töflu 4 er biðlisti stuðningsþjónustu 1. janúar 2016 greindur eftir kyni og þjónustupáttum. Alls voru 353 á bið eftir stuðningsþjónustu í Reykjavík sem gerir 14,4% af fötluðu fólki á skrá hjá Reykjavíkurborg. Af biðlistanum voru karlar 64% og konur 38%. Bið eftir liðveislu er í samræmi við kynjahlutfall sem er í heild á bið. Hins vegar er ekki að finna sömu speglun í hlutfalli þeirra sem bíða eftir frekari liðveislu og stuðningsfjölskyldum. Færri karlar eru á bið eftir frekari liðveislu og færri konur (stúlkur) að bíða eftir þjónustu stuðningsfjölskyldu.

Tafla 4: Biðlisti eftir stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um málefni fatlaðra (LMF).

Þjónustupáttur	Karl	Hlutfall	Kona	Hlutfall	Samtals
Liðveisla	136	62%	82	38%	218
Frekari liðveisla	24	46%	28	54%	52
Stuðningsfjölskylda	65	78%	18	22%	83
Samtals	225	64%	128	36%	353

Þegar Tafla 4 er skoðuð með Töflu 1 (bls. 4) má sjá að hlutfall fatlaðra karla og kvenna á bið eftir stuðningsþjónustu er svipað og hlutfall fatlaðra karla og kvenna á skrá hjá Reykjavíkurborg. Heildarbiðlisti eftir stuðningsþjónustu endurspeglar því vel hlutfall kynjanna.

Í Töflu 5 er biðlisti stuðningsþjónustu greindur eftir kyni, þjónustubáttum og aldri. Mestur munur er á kynjum í aldurshópnum 6-17 ára sem bíða eftir þjónustu. Karlar eru 72% þeirra sem bíða eftir liðveislu og 82% þeirra sem bíða eftir stuðningsfjölskyldu. Karlmenn á bið eru fleiri í þremur aldurshópum en hópurinn 26 ára og eldri sker sig úr því að þar er nokkurn veginn sama hlutfall kynja á bið.

Tafla 5. Biðlisti eftir stuðningsþjónustu samkvæmt LMF, greint eftir kyni og aldri.

Aldur	Kyn	Liðveisla	Frekari liðveisla	Stuðningsfjölskylda	Samtals
0-5	KK	0 -	0 -	9 60%	9 60%
	KVK	0 -	0 -	6 40%	6 40%
6-17	KK	67 72%	0 -	53 82%	120 76%
	KVK	26 28%	0 -	12 18%	38 24%
18-25	KK	21 60%	7 78%	3 100%	31 66%
	KVK	14 40%	2 22%	0 0%	16 34%
26+	KK	48 53%	17 40%	0 -	65 49%
	KVK	42 47%	26 60%	0 -	68 51%

3. Stuðningsþjónusta fyrir fatlað fólk. Biðlisti stuðningsþjónustu – hverfaskipting

Í Töflu 1 (bls. 4) kom fram að 63% þeirra sem eru skráðir fatlaðir eru karlar. Kyngreindar hlutfallstölur sem sýna biðlista fatlaðra eftir stuðningsþjónustu er ólík eftir hverfum en mikilvægt er að hafa í huga að mis margir eru á bak við hlutfallstölurnar. Þannig er fjöldinn allt frá 1 upp í 85. Tafla 6 sýnir að almennt eru fleiri karlar á bið en konur eftir þjónustu fyrir fatlaða greint eftir hverfum. Sérstaklega er athyglisvert að skoða bið eftir stuðningsfjölskyldu þar sem drengir á bið eru allt frá 45% í Vesturbæ upp í 100% í Miðborg Hlíðum. Þó þarf að fara varlega í að draga ályktanir út frá þeim tölum þegar fáir eru bak við hvern flokk fyrir sig.

Tafla 6. Biðlisti eftir stuðningsþjónustu samkvæmt LMF greint eftir hverfum.

Aldur	Kyn	Liðveisla	Frekari liðv	Stuðningsfjölsk.	
				LMF	Samtals
Vesturbær	KK	8 47%	1 50%	5 45%	14 47%
	KVK	9 53%	1 50%	6 55%	16 53%
Grafarvogur Kjalarnes	KK	28 65%	6 67%	18 82%	52 70%
	KVK	15 35%	3 33%	4 18%	22 30%
Laugardalur Háaleiti	KK	52 58%	14 42%	19 76%	85 58%
	KVK	37 42%	19 58%	6 24%	62 42%
Árbær Grafarholt	KK	23 77%	0 -	13 93%	36 82%
	KVK	7 23%	0 -	1 7%	8 18%
Breiðholt	KK	19 63%	2 33%	8 89%	29 64%
	KVK	11 37%	4 66%	1 11%	16 36%
Miðborg Hlíðar	KK	6 67%	1 50%	2 100%	9 69%
	KVK	3 33%	1 50%	0 -	4 31%

4. Stuðningsþjónusta fyrir fatlað fólk. Veitt stuðningsþjónusta – kyn og aldur

Þegar veitt stuðningsþjónusta til fatlaðra á árinu 2015 er skoðuð (Tafla 7) án þess að greina niður eftir þjónustubáttum kemur í ljós að kynjaskipting endurspeglar vel hlutfall kynjaskiptingar fatlaðra á skrá.

Tafla 7. Hlutfall veittrar þjónustu 2015 í hlutfalli við fatlað fólk á skrá.

	Karlar		Konur		Samtals
Hlutfall af fötluðu fólki - veitt þjónusta	523	62%	327	38%	850
Hlutfall fatlaðra á skrá 2012*	918	66%	477	34%	1395
Hlutfall fatlaðra á skrá 2016	1.530	63%	917	37%	2.447

* Skráningar á fötluðu fólki á árinu 2012 er ábótavant sem getur skýrt mikinn mun á fjölda milli árana 2012 og 2016.

Tafla 8 sýnir veitta þjónustu til fatlaðs fólks eftir þjónustubáttum. Ef þessar tölur eru bornar saman við biðlistann sem má sjá á Töflu 4 (bls. 5) kemur í ljós að samræmi er á kynjahlutföllum þeirra sem eru á bið eftir liðveislu og þeirra sem fá liðveislu. Hins vegar er munur á bið og veittri þjónustu þegar litið er til frekari liðveislu og stuðningsfjölskyldna. Þannig eru konur 54% þeirra sem bíða eftir frekari liðveislu á meðan konur eru 43% þeirra sem fá þá tegund þjónustu. Karlar eru 78% þeirra sem bíða eftir stuðningsfjölskyldu en eru 68% þeirra sem fá þá þjónustu.

Tafla 8. Veitt stuðningsþjónusta til fatlaðs fólks 2015 eftir þjónustubáttum.

Þjónustubáttur	Karlar		Konur		Samtals
Liðveisla	277	60%	181	40%	458
Frekari liðveisla	103	57%	79	43%	182
Stuðningsfjölskylda	143	68%	67	32%	210
Samtals	523	62%	327	38%	850

Tafla 9. Hlutfall fatlaðs fólks á skrá eftir tegund fötlunar.

Tegund fötlunar	Karlar			Konur			Samtals
	Fjöldi	Hlutfall fötlunar hjá körlum	Hlutfall af kyni í hverri fötlun	Fjöldi	Hlutfall fötlunar hjá konum	Hlutfall af kyni í hverri fötlun	
Proskahömlun	277	18%	58%	200	22%	42%	477
Proskahömlun og atferlistruflun	15	1%	39%	23	3%	61%	38
Geðfötlun	288	19%	62%	177	19%	38%	465
Fjölfötlun	24	2%	52%	22	2%	48%	46
Hreyfihömlun	108	7%	45%	133	15%	55%	241
Skynfötlun	101	7%	52%	95	10%	48%	196
Einhverfa	546	36%	78%	155	17%	22%	701
Önnur fötlun	120	8%	56%	95	10%	44%	215
Tegund ekki skráð	51	3%	75%	17	2%	25%	68
Samtals	1.530	100%	63%	917	100%	37%	2.447

Tafla 10. Fjöldi tíma veittir í frekari liðveislu 2015 eftir tegund fötlunar.

Tegund fötlunar	Karlar			Konur			Samtals
	Fjöldi tíma á ári	Hlutfall tíma hjá körlum eftir fötlun	Hlutfall tíma af kyni eftir tegund fötlunar	Fjöldi tíma á ári	Hlutfall tíma hjá konum eftir fötlun	Hlutfall af tímum eftir tegund fötlunar	
Þroskahömlun	9.810	27%	65%	5.297	21%	35%	15.107
Þroskahömlun og atferlistruflun	152	0,4%	7%	1.957	8%	93%	2.108
Geðfötlun	4.239	12%	60%	2.831	11%	40%	7.070
Fjölfötlun	104	0,3%	14%	620	2%	86%	724
Hreyfihömlun	17.152	47%	74%	5.930	23%	26%	23.081
Skynfötlun	253	0,7%	24%	797	3%	76%	1.050
Einhverfa	3.818	10%	55%	3.073	12%	45%	6.890
Önnur fötlun	528	1,4%	14%	3.366	13%	86%	3.894
Tegund fötlunar ekki skráð	352	1,0%	17%	1.714	7%	83%	2.066
Samtals	36.405	100%	59%	25.584	100%	41%	61.989

Vert er að skoða saman Töflur 9 og 10. Töflurnar sýna hlutfallslega skiptingu eftir tegund fötlunar og fjölda tíma sem veittir eru í frekari liðveislu. Misræmi kemur fram í sumum tilvikum og skáru eftirfarandi tölur sig sérstaklega úr;

- Af fötluðum körlum eru 7% með hreyfihömlun en þeir fá 47% af tímum sem veittir eru af tímum í frekari liðveislu.
- Af fötluðum körlum eru 36% með einhverfu en þeir fá 10% af tímum í frekari liðveislu.
- Af fólki með þroskahömlun og atferlistruflun eru 61% konur en þær fá 93% af tímum.
- 48% fjölfatlaðra eru konur en þær fá 86% af tímum.
- 48% af skynfötluðum eru konur en þær fá 76% af tímum.
- 25% og 44% af þeim sem eru með aðra fötlun eða óskráða fötlun eru konur en þær fá 86% og 83% af tímum.
- 45% hreyfihamlaðra eru karlar en þeir fá 74% af tímum.
- 22% einhverfra eru konur en þær fá 45% af tímum.
- 63% allra fatlaðra eru karlar en þeir fá 59% af veittum tímum.

Þessi samanburður innan þjónustubáttarins frekari liðveislu sýnir mikið misræmi á úthlutuðum tímum ef rýnt er í hlutfallstölur um tegund fötlunar og kyn. Í þessum samanburði hallar ýmist á konur eða karla allt eftir því hvað er skoðað. Þó er ljóst að á heildina litið bera karlar skertari hlut frá borði innan þessa þjónustubáttar en konur því að þeir eru 63% fatlaðra en fá 59% af veittum tímum í frekari liðveislu.

Tafla 11. Fjöldi tíma veittir í liðveislu 2015 eftir tegund fötlunar.

Tegund fötlunar	Karlar			Konur			Samtals
	Fjöldi tíma á ári	Hlutfall tíma hjá körlum eftir fötlun	Hlutfall tíma af kyni eftir tegund fötlunar	Fjöldi tíma á ári	Hlutfall tíma hjá konum eftir fötlun	Hlutfall tíma af kyni eftir tegund fötlunar	
Þroskahömlun	8.486	25%	60%	5.642	25%	40%	14.128
Þroskahömlun og atferlistruflun	264	0,8%	12%	1.950	9%	88%	2.214
Geðfötlun	2.976	9%	51%	2.901	13%	49%	5.876
Fjölfötlun	1.289	4%	68%	607	3%	32%	1.896
Hreyfihömlun	5.622	16%	62%	3.423	15%	38%	9.045
Skynfötlun	378	1,1%	25%	1.122	5%	75%	1.500
Einhverfa	12.733	37%	77%	3.708	17%	23%	16.441
Önnur fötlun	875	3%	30%	2.075	9%	70%	2.950
Tegund fötlunar ekki skráð	1.593	5%	67%	775	3%	33%	2.368
Samtals	34.216	100%	61%	22.203	100%	39%	56.418

Samanburður á Töflum 9 (bls. 7) og 11 dregur fram ákveðið misræmi í veittri liðveislu með tilliti til mismunandi fötlunar. Eftirfarandi tölur vekja athygli;

- 61% einstaklinga með þroskahömlun og atferlistruflun eru konur en þær fá 88% af fjármagni í liðveislu.
- 48% skynfatlaðra eru konur en þær fá 75% af veittum tímum.
- 44% af þeim sem eru með aðra tegund fötlunar eru konur, en þær fá 70% af fjármagninu fyrir aðra tegund fötlunar.
- 61% af heildartímum í liðveislu er veitt til karla sem eru, eins og fram hefur komið, 63% fatlaðra á skrá hjá Reykjavíkurborg.

Tafla 12. Fjárhæðir í þúsundum króna veittar til stuðningsfjölskyldna 2015 eftir tegund fötlunar.

Tegund fötlunar	Karlar			Konur			Samtals fjárhæðir (þús.kr.)
	Fjárhæð 2015 (þús kr.)	Hlutfall fjárhæðar hjá körlum eftir fötlun	Hlutfall fjárhæðar af kyni í hverri fötlun	Fjárhæð 2015 (þús. kr.)	Hlutfall fjárhæðar hjá konum eftir fötlun	Hlutfall fjárhæðar af kyni í hverri fötlun	
Þroskahömlun	6.867	14%	68%	3.282	13%	32%	10.150
Þroskahömlun og atferlistruflun	533	1,1%	16%	2.843	12%	84%	3.376
Geðfötlun	199	0,4%	100%	0	0%	0%	199
Fjölfötlun	2.604	5%	63%	1.537	6%	37%	4.141
Hreyfihömlun	4.167	9%	67%	2.007	8%	33%	6.174
Skynfötlun	817	2%	100%	0	0%	0%	817
Einhverfa	26.440	55%	71%	10.959	45%	29%	37.399
Önnur fötlun	1.348	3%	64%	766	3%	36%	2.115
Tegund fötlunar ekki skráð	5.260	11%	63%	3.094	13%	37%	8.355
Samtals	48.239	100%	66%	24.491	100%	34%	72.731

Við samanburð á Töflum 9 (bls. 7) og 12 vekur eftirfarandi athygli:

- 19% af fötluðum körlum eru með geðfötlun, en eingöngu einn einstaklingur með geðfötlun er með stuðningsfjölskyldu. Þetta er þó ekki óeðlilegt með tilliti til þess að stuðningsfjölskyldur er úrræði sem ætlað er fyrir börn, en börn eru sjaldan greind með geðfötlun.
- 36% fatlaðra karla eru með einhverfu, en 55% af því fjármagni sem veitt er í stuðningsfjölskyldur til fatlaðra karla er úthlutað til einhverfra karla. Mjög hátt hlutfall einhverfra karla er á bið eftir stuðningfjölskyldu (72%) miðað við aðrar tegundir fatlaðra og því væri eðlilegra að fjöldi tíma í veittri þjónustu endurspegli það hlutfall.
- 17% kvenna eru með einhverfu en þær fá 45% af ráðstöfuðu fjármagni til kvenna en 56% kvenna á bið eftir stuðningsfjölskyldu eru með einhverfu. Það er því ljóst að hlutfallslega er veitt meiri þjónusta til einhverfra stúlkna en annarra fatlaðra. Ástæður þess eru ekki ljósar, en ef til vegna þess að einhverfar stúlkur teljast þyngrir í þjónustu en stúlkur með aðrar tegundir fötlunar. Einnig gæti verið auðveldara af einhverjum ástæðum að fá fyrir þær stuðningsfjölskyldur miðað við aðrar tegundir fötlunar.
- Konur eru 61% af fólki með þroskahömlun og atferlistruflun, 84% af fjármagni sem ráðastafað er í stuðningsfjölskyldur er úthlutað til þessa hóps.
- 45% þeirra sem eru með hreyfihömlun eru karlar, en þeir fá 67% af fjármagni þess flokks.
- Helmingur einstaklinga með skynfötlun er konur en þær fengu enga þjónustu stuðningsfjölskyldna á árinu 2015. Þá eru eingöngu fjórir drengir með skynfötlun að fá þjónustu stuðningsfjölskyldna.
- 66% fjármagns sem veitt er til stuðningsfjölskyldna er veitt til karla (drengja).

5. Stuðningsþjónusta fyrir fatlað fólk. Veitt stuðningsþjónusta – hverfaskipting

Þegar Tafla 15 er skoðuð sést að veitt þjónusta til karla og kvenna er nokkurn vegin í samræmi við hlutfall kynja á skrá hjá Reykjavíkurborg (sjá Töflu 1).

Tafla 15. Veitt þjónusta eftir þjónustumiðstöð og kyni.

Aldur	Kyn	Liðveisla	Liðveisla	Frekari liðveisla	Stuðningsfjölskylda	Samtals	
Vesturbær	KK	29	67%	7	50%	16 80%	52 71%
	KVK	14	33%	7	50%	4 20%	25 32%
Grafarvogur Kjalarnes	KK	60	63%	15	65%	37 67%	112 64%
	KVK	36	37%	8	35%	18 33%	62 36%
Laugardalur Háaleiti	KK	100	61%	60	59%	31 63%	191 61%
	KVK	63	39%	42	41%	18 37%	123 39%
Árbær Grafarholt	KK	29	55%	5	71%	21 66%	55 60%
	KVK	24	45%	2	29%	11 34%	37 40%
Breiðholt	KK	38	60%	7	35%	27 69%	72 59%
	KVK	25	40%	13	65%	12 31%	50 41%
Miðborg Hlíðar	KK	21	53%	9	56%	11 73%	41 58%
	KVK	19	47%	7	44%	4 27%	30 42%

Það eru þó tvö hverfi sem skera sig úr. Vesturbær veitir hlutfallslega hærra hlutfalli karla þjónustu en er á skrá hjá þeim og er á bið eftir stuðningsþjónustu. 71% þeirra sem fá stuðningsþjónustu eru karlar, 47% af biðlista eru karlar og 63% fatlaðra í hverfinu eru karlar. Miðborg Hlíðar veitir hins vegar hlutfallslega færri körlum þjónustu (58%) en er á bið eftir þjónustu hjá þeim (69%) og miðað við hlutfall karla af fötluðu fólki í hverfinu (64%). Hafa ber þó í huga að einstaklingar á bak við þessar tölur eru ekki margir.

6. Biðlisti stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu – kyn og aldur

Tafla 13 sýnir mikinn kynjamun á biðlista eftir ákveðinni tegund þjónustu. Karlmennt (drengir) eru í meirihluta á bið eftir persónlegri ráðgjöf (62%) og eftir stuðningsfjölskyldu (53%) en einungis 9% karla bíða eftir tilsjón. Ljóst er að konur óska áberandi meira eftir uppeldisráðgjöf inn á heimili í formi tilsjónar.

Tafla 13. Biðlisti eftir stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu.

Þjónustubáttur	Karlar	Hlutfall	Konur	Hlutfall	Samtals
Persónuleg ráðgjöf	74	62%	45	38%	119
Tilsjón	4	9%	39	91%	43
Stuðningsfjölskylda	47	53%	41	47%	88
Samtals	125	50%	125	50%	250

Eins og kemur fram í Töflu 14 er bið eftir tilsjón mest í hópi mæðra sem eru 26 ára og eldri. Í aldurshópnum 6-17 ára eru karlar 63% þeirra sem eru á bið eftir persónlegri ráðgjöf. Karlar eru 79% af þeim sem eru á bið eftir stuðningsfjölskyldum í aldurshópnum 0-5 ára en biðin jafnast síðan út í hópnum 6-17 ára því þá er hlutfall milli kynja nokkuð jafnt.

Tafla 14. Biðlisti eftir stuðningsþjónustu. Greint eftir kyni og aldri.

Aldur	Kyn	Persónuleg ráðgjöf	Tilsjón	Stuðningsfjölskylda	Samtals
0-5	KK	0 -	1 100%	15 79%	16 76%
	KVK	1 100%	0 -	4 21%	5 24%
6-17	KK	72 63%	2 66%	32 46%	106 57%
	KVK	42 37%	1 33%	37 54%	80 43%
18-25	KK	2 50%	0 -	0 -	2 40%
	KVK	2 50%	1 100%	0 -	3 60%
26+	KK	0 -	1 3%	0 -	1 3%
	KVK	0 -	37 97%	0 -	37 97%

Eins og sést á Töflu 15 eru fjögur börn á bið eftir tilsjón sem er þjónustubáttur veittur til foreldra. Það sem skýrir börnin á biðlistanum eru mál frá Barnavernd, en þar eru mál skráð á börnin en ekki foreldra eins og gert er þegar þegar þjónustumiðstöðvar vinna málin. Engir einstæðir feður eru á bið eftir tilsjón, en þrátt fyrir það er 15% af tilsjón veitt til karla (sjá Töflu 17 bls. 13). Ljóst er að karlar, hvort sem þeir eru einstæðir eða í sambúð/giftir, sækjast minna eftir uppeldisráðgjöf í formi tilsjónar.

Tafla 15. Biðlisti eftir tilsjón, skipt eftir kyni og fjölskyldugerð.

	Karlar	Konur	Samtals
Drengir, 17 ára og yngri	3	0	3
Einstæð móðir	0	29	29
Hjón/sambýlisfólk með börn	1	9	10
Stúlkur, 17 ára og yngri	0	1	1
Samtals	4	39	43

7. Biðlisti stuðningsþjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu - hverfaskipting

Í öllum hverfum nema Breiðholti eru fleiri karlar á bið eftir persónulegum ráðgjafa (Tafla 16). Einungis einn karlmaður er á bið eftir tilsjón og er hann í Breiðholti. Í öllum hverfum er bið eftir stuðningsfjölskyldum svipuð milli kynja nema í Grafarvogi Kjalarnesi þar sem konur (stúlkur) eru 60% þeirra sem bíða.

Tafla 16. Biðlisti eftir stuðningsþjónustu greint eftir hverfum.

Aldur	Kyn	Persónuleg ráðgjöf		Tilsjón	Stuðningsfjölskylda	Samtals			
		10	67%			18	53%		
Vesturbær	KK	10	67%	0	-	8	62%	18	53%
	KVK	5	33%	6	100%	5	38%	16	47%
Grafarvogur Kjalarnes	KK	16	55%	0	-	7	50%	23	40%
	KVK	13	45%	14	100%	7	50%	34	60%
Laugardalur Háaleiti	KK	9	69%	0	-	8	50%	17	49%
	KVK	4	31%	6	100%	8	50%	18	51%
Árbær Grafarholt	KK	11	73%	0	-	3	33%	14	50%
	KVK	4	27%	4	100%	6	67%	14	50%
Breiðholt	KK	7	44%	1	17%	12	63%	20	49%
	KVK	9	56%	5	83%	7	37%	21	51%
Miðborg Hlíðar	KK	8	67%	0	-	2	50%	10	53%
	KVK	4	33%	3	100%	2	50%	9	47%

8. Veitt stuðningsþjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu – kyn og aldur

Eins og sést á Töflum 13 (bls. 11) og 17 er talsvert samræmi milli veittrar stuðningsþjónustu og biðlista samkvæmt lögum um félagsþjónustu. Aðallega má sjá mun á tilsjón því að 15% þeirra sem fá tilsjón eru karlar en þeir eru 9% þeirra sem eru á bið.

Tafla 17. Veitt stuðningsþjónusta árið 2015.

Þjónustubáttur	Karlar		Konur		Samtals
Persónuleg ráðgjöf	131	62%	81	38%	212
Tilsjón	13	15%	71	85%	84
Stuðningsfjölskylda	50	55%	41	45%	91
Samtals	194	50%	193	50%	387

Í Töflu 18 má sjá að 61% þeirra sem fá persónulega ráðgjöf á aldrinum 6-17 ára eru karlar. Borið saman við biðlista (Töflu 14 bls. 11) þá er það svipað hlutfall þar sem karlar eru 63% þeirra sem bíða eftir persónulegum ráðgjafa á aldrinum 6-17 ára. Konur eru 90% þeirra sem fá tilsjón í aldurshópnum 26 ára og eldri en þær eru 97% þeirra sem eru á bið í sama aldurshópi. Karlar í aldurshópnum 6-17 ára eru 59% þeirra sem hafa stuðningsfjölskyldu en eru 46% þeirra sem eru á bið í sama aldurshópi. Konur eru 90% þeirra sem bíða eftir stuðningsfjölskyldu í aldurshópnum 26 ára og eldri.

Tafla 18. Veitt stuðningsþjónusta á árinu 2015 eftir aldri og kyni.

Aldur	Kyn	Persónuleg ráðgjöf		Tilsjón		Stuðningsfjölskylda		Samtals	
0-5	KK	2	100%	5	83%	8	50%	15	63%
	KVK	0	0%	1	17%	8	50%	9	38%
6-17	KK	125	61%	1	25%	42	58%	168	59%
	KVK	81	39%	3	75%	31	42%	115	41%
18-25	KK	4	100%	0	0%	0	-	4	40%
	KVK	0	0%	5	100%	1	100%	6	60%
26+	KK	0	-	7	10%	0	-	7	10%
	KVK	0	-	62	90%	1	100%	63	90%

9. Veitt stuðningsþjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu, hverfaskipting

Karlar (drengir) sem fá persónulega ráðgjöf eru fleiri í öllum hverfum borgarinnar, allt frá 51% upp í 89%. Konur sem fá tilsjón eru alls staðar fleiri, allt frá 66% upp í 100%. Misjafnt er eftir hverfum borgarinnar hvort karlar eða konur eru hlutfallslega fleiri með stuðningsfjölskyldur.

Tafla 19. Veitt stuðningsþjónusta eftir þjónustumiðstöð og kyni.

Hverfi	Kyn	Persónuleg ráðgjöf		Tilsjón		Stuðningsfjölskylda		Samtals	
Vesturbær	KK	5	71%	0	0%	5	33%	10	71%
	KVK	2	29%	5	100%	10	66%	17	32%
Grafarvogur Kjalarnes	KK	28	82%	1	5%	11	69%	40	64%
	KVK	6	18%	19	95%	5	31%	30	36%
Laugardalur Háaleiti	KK	17	68%	4	16%	7	44%	28	61%
	KVK	8	32%	21	84%	9	56%	38	39%
Árbær Grafarholt	KK	7	89%	1	17%	5	50%	13	60%
	KVK	1	11%	5	83%	5	50%	11	40%
Breiðholt	KK	60	51%	0	0%	18	69%	78	59%
	KVK	58	49%	15	100%	8	31%	81	41%
Miðborg Hlíðar	KK	7	78%	1	33%	5	63%	13	58%
	KVK	2	22%	2	66%	3	37%	7	42%

10. Samantekt

Stuðningsþjónusta samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks

Eins og fram hefur komið er hlutfall karla af fötluðu fólki hjá Reykjavíkurborg 63% á móti 37% kvenna. Gögnin gefa til kynna að almennt séu fleiri fatlaðir karlar á bið eftir stuðningsþjónustu heldur en fatlaðar konur. Mesti munurinn er á kynjum í aldurshópnum 6-17 ára og eru karlar 72% þeirra sem bíða eftir liðveislu í þeim aldurshópi og 82% þeirra sem bíða eftir stuðningsfjölskyldu. Þegar veitt þjónusta er skoðuð er hlutfall karla á bið til samræmis við hana.

Munur er á bið og veittri þjónustu þegar litið er til frekari liðveislu og stuðningsfjölskyldna. Þannig eru konur 54% þeirra sem bíða eftir frekari liðveislu á meðan konur eru 43% þeirra sem fá þá tegund þjónustu. Karlar eru 78% þeirra sem bíða eftir stuðningsfjölskyldu en þeir eru 68% þeirra sem fá þá þjónustu.

Tvö hverfi skera sig úr þegar þjónusta er skoðuð eftir kynjum. Í Vesturbæ eru karlar 71% þeirra sem fá stuðningsþjónustu, þeir eru 47% af biðlista og 63% fatlaðra í hverfinu eru karlar. Miðborg Hlíðar veitir hins vegar hlutfallslega færri körlum þjónustu eða 58%. 69% þeirra sem eru á bið í Miðborg Hlíðum eru karlar og karlar eru 64% fatlaðra í hverfinu. Hafa ber þó í huga að einstaklingar á bak við þessar tölur eru ekki margir.

Gögnin sýna að að í heild er bæði biðlisti og veitt þjónusta til samræmis við kynjahlutfall fatlaðra einstaklinga hjá Reykjavíkurborg þrátt fyrir að ákveðinn breytileiki sé á milli kynja innan þjónustupátta

og milli hverfa. Þannig eru 63% fatlaðra á skrá karlar, þeir eru 64% af biðlista og fá 62% af veittri þjónustu.

Stuðningsþjónusta samkvæmt lögum um félagsþjónustu og barnavernd

Mikill kynjamunur er á biðlista og notendum greint eftir tegund þjónustu sem fellur undir lög um félagsþjónustu. Karlar (drengir) eru í meirihluta jafnt á biðlista og sem notendur persónulegrar ráðgjafar; 62% eru karlar, hvort sem er á bið eftir þjónustu eða þeir sem fá þjónustuna.

Einstæðir foreldrar óska frekar eftir uppeldisráðgjöf en hjón. Konur óska áberandi meira eftir uppeldisráðgjöf inn á heimili í formi tilsjónar. 91% fólks á biðlista eftir tilsjón eru konur en þær eru 85% þeirra sem fá þá þjónustu. Þetta hlutfall er til samræmis við tölur af vef Hagstofunnar um hlutfall kvenna sem eru einstæðar mæður en samkvæmt því eru konur 91% einstæðra foreldra.

Heildar niðurstaðan er sú að samræmi er milli biðlista og veittrar þjónustu eftir kynjum. Hins vegar er mikill kynjamunur þegar skoðuð er tegund þjónustu. Þannig eru drengir mun frekar að bíða eftir og nýta sér persónulega ráðgjöf en stúlkur. Konur bíða mun frekar eftir og nýta sér tilsjón en karlar. Hlutfall sem bíður eftir og fær stuðningsfjölskyldu er mun jafnara eftir kynjum.

11. Lokaorð

Í þessari skýrslu hefur verið rýnt í kynjagreinda tölfræði stuðningsþjónustu. Fram hefur komið að jafnvægi er á veittri stuðningsþjónustu, biðlista og lýðfræðilegum tölum. Þó er einn þáttur sem hópurinn telur að standi upp úr og varðar hann persónulega ráðgjöf, en hópurinn kann ekki sérstaka skýringu á því hvers vegna drengir sækjast mun frekar í þessa tegund þjónustu en stúlkur. Mikilvægt er að þjónustumiðstöðvar séu meðvitaðar um að drengir óski frekar eftir þessari tegund þjónustu. Starfshópurinn hefur ekki forsendur til að álykta hvað veldur þessum mismun en hvetur þjónustumiðstöðvar til að vera vakandi gagnvart honum.